

13. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með vísan til 145. gr., laga nr. 60 10. júní 1998 um loftferðir með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildi þann 1. ágúst 2001 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli. Frá sama tíma er úr gildi numin reglugerð nr. 555, 4. desember 1987 ásamt síðari breytingum, um fis.

Samgönguráðuneytinu, 10. júlí 2001.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Nr. 581

17. júlí 2001

AUGLÝSING

um deiliskipulag efnistökusvæðis við Hlíðarhorn á Tjörnesi.

Í skipulaginu er skilgreint efnistökusvæði við Hlíðarhorn á Tjörnesi, ásamt vinnu-
svæðum. Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997,
með síðari breytingum boða. Athugasemdir bárust frá einum aðila og var greinargerð lítil-
lega breytt til að koma til móts við þær. Upplýsingar um athugasemdir og viðbrögð sveitar-
sjórnar við þeim fást hjá undirrituðum.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Húsavík, 17. júlí 2001.

Gaukur Hjartarson,

byggingarfulltrúi Þingeyinga.

Nr. 582

REIKNINGUR

Þjóðhátíðarsjóðs fyrir árið 2000.

Rekstrarreikningur.

	<i>Skýringar</i>	<i>Kr.</i>
Tekjur:		
Vegna sölur forsetamyndar		0
Vegna sölu kristnitökumyntar		0
Samtals tekjur		<u>0</u>
Gjöld:		
Styrkir	2	3.000.000
Niðurfelling styrkja		(330.000)
Rekstrargjöld		150.579
Samtals gjöld		<u>2.820.579</u>